

son á Þverá, og hinn stefndi, Jón Jónsson á Munka-
þverá, hafa krafizt fyrir landsyfirdóminum, að merkja-
dómur Eyjafjarðarsýslu, kveðinn upp 28. október f. á.
í landaþrætumáli milli jarðanna Þverár og Ytri-
hóls í Öngulstaðahreppi um svonefndan Yztahólma
verði dæmdur ómerkur, þá ber að taka þessa sam-
hljóða dómkröfu málspartanna til greina og að dæma
umgetinn merkjadóm ómerkan og fellur málskostnað-
ur fyrir yfirdómi eptir þessum úrslitum niður.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði merkjadómur á ómerkur að vera.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 19/1885.

Kristín Ásbjarnardóttir
gegn
hreppsnefnd Garðahrepps
og skiptaráðandanum í Kjósar-
og Gullbringusýslu.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 23. maí þ. á., hefur Kristín
Ásbjarnardóttir í Reykjavík að fenginni gjafsókn á-
frýjað til yfirdómsins skiptagjörningi, er leiddur var
til lykta 10. marz næst á undan af skiptaráðandan-
um í Kjósar- og Gullbringusýslu á dánabúi sonar
hennar, Guðmundar Ólafssonar, sem drukknaði frá
Breiðabólsstöðum á Álptanesi 9. janúar f. á. Hefur
áfrýjandinn krafizt, að hinar áfrýjuðu skiptagjörðir
verði dæmdar ómerkar, og að hin stefnda hrepps-
nefnd Garðahrepps verði skylduð til að svara áfrýj-

andanum þeirri fjárupphæð, kr. 20,18, sem henni var lögð út upp í skuld á umgetnum skiptum og til að greiða hæfilegan málskostnað, eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál af áfrýjandans hálfu.

Hin stefndu, hreppsnefnd Garðahrepps og skiptaráðandinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, hafa aptur á móti krafizt, að annaðhvort verði málinu vísað frá dómi, eða þau dæmd sýkn af kærum áfrýjanda, en hún dæmd til að greiða þeim málskostnað með 50 kr.

Hinn áfrýjaði skiptagjörningur ber með sjer, að áfrýjandinn hefur látið mæta af sinni hendi á þeim eina skiptafundi, sem haldinn var í búinu 10. marz þ. á., og það er in confesso milli málspartanna, að á þeim skiptafundi hafi engin mótmæli komið fram af áfrýjandans hálfu gegn öðru en því, að skuldakrafa Garðahrepps, að upphæð kr. 70,00 væri tekin til greina, en sjerstaklega engin mótmæli gegn meðferð búsins af hálfu skiptaráðandans. Þar sem áfrýjandinn hjer fyrir rjettinum hefur krafizt þess, að skiptagjörningurinn verði dæmdur ómerkur, þá getur sú krafa samkvæmt þessu eð eins komið til greina að því er snertir þá ályktun skiptaráðandans að leggja Garðahreppi kr. 20,18 út upp í skuldakröfu hans. En nú hefur áfrýjandinn ekki krafizt, að skiptunum verði breytt þannig, að skuldakrafa Garðahrepps ekki verði tekin til greina, heldur hefur hann krafizt, að hreppsnefnd Garðahrepps verði skylduð til að greiða til áfrýjandans upphæð þá, sem hreppnum var lögð út úr búinu upp í skuldakröfu hennar, en svo lögðu rjettarkrafa getur ekki orðið tekin til greina undir þessu máli, því þegar skiptagjörningi er áfrýjað,

getur að eins verið að ræða um lögmæti hins áfrýj-
aða skiptagjörnings í heild hans, eða einstakra á-
lyktana skiptaráðandans, og annaðhvort um að fella
þær úr gildi eða staðfesta þær, og ef til þess kæmi
og þess væri krafizt, að skylda skiptaráðandann til
að breyta gjörningnum að meiru eða minna leyti, en
alls ekki um það að dæma neinn skuldaheimtumann
búsins til að borga aptur það, sem honum kynni að
hafa verið úthlutað, enda hefði þá fyrst orðið að ganga
um það dómur í hjeradi.

Með því áfrýjandinn enn fremur ekki hefur komið
fram með neinar ástæður fyrir mótmælum sínum gegn
skuldakröfu Gardahrepps, og ekki einusinni reynt til
að sýna fram á, að hverju leyti skuldakrafa þessi
sje röng, þá getur heldur ekki orðið umtalsmál
um að fella úr gildi ályktun skiptaráðandans um
að mótmælin gegn opt nefndri kröfu verði ekki tekin
til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn á-
frýjanda skiptagjörning, en að vísa málinu frá dómi að
því er snertir kröfu áfrýjandans á hendur hrepps-
nefnd Gardahrepps. Málskostnaður virðist eptir at-
vikum eiga að falla niður, og laun hins skipaða tals-
manns áfrýjandans, sem ákveðast 10 kr., að greiðast
af almannaþje.

Að því leyti sem mál þetta er gjafsóknarmál fyr-
ir yfirdómi hefur flutningur þess verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi skiptagjörningur á óraskaður
að vera, en að öðru leyti vísast málinu frá yf-

irdóminum. Málskostnaður falli niður og laun hins skipaða talsmanns áfrýjandans, málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur, greiddist af almannafje.

Mánudaginn 21. septembermán.

Nr. 13/1885

Rjettvísín
gegn
Ólafi Árnasyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á aukabíngi Arnessýslu 5. janúarmán þ. á., var hinn ákærði, Ólafur Árnason, dæmdur fyrir sauðabjófnað samkvæmt 231. gr. hinna almennu hegningarlaga í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að lúka öllum málskostnaði. Þessum dómi hefur hlntaðeigandi amtmaður rjettvísinnar vegna áfrýjað til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að hann í fyrra haust tók lamb í Hveragerðisrjett, sem konan Guðfinna Eiríksdóttir á Ytri-Þurá í Ölfusi átti, og seldi það Einari nokkrum Einarssyni fyrir 2 kr. 75 aura. Lamb þetta þekktist á leiðinni út í Selvog, þar sem Einar átti heima, og fjekk rjettur eigandi það, en hinn ákærði skilaði Einari seinna andvirðinu.

Þetta atbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt lagabrot, á undir 231. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúss-